

**1115. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 20. júlí 2020 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellíus Sveinbjörnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

Verkefnalisti yfirfarinn.

2. Umhverfis- og eignasvið - Útboð & útboðsgögn 2020 - 2020030081

Lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 17. júlí 2020, ásamt samanburði þeirra tilboða sem bárust, vegna útboðs í göngustíga og áningarstaði við ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins.

3. Beiðni um niðurfellingu gatnagerðargjalda - Seljalandsvegur 80 - 2020070057

Lagt fram bréf Jóhanns Birkis Helgasonar, f.h. Verkís hf., dags. 30. júní 2020, þar sem óskað er niðurfellingar gatnagerðargjalda fyrir einbýlishúsið að Seljalandsvegi 80 á Ísafirði, ásamt rökstuðningi.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að gera afnotasamning við umsækjendur í samræmi við umræður á fundinum og leggja aftur fyrir bæjarráð.

4. Styrkbeiðni - sjúkraflutningamál - 2020070051

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara, dags. 17. júlí 2020, ásamt tölvupóstsamskiptum við Jónínu Hrönn Símonardóttur, formann Dýrafjarðardeildar Rauða kross Íslands, vegna styrkbeiðnar um sjúkraflutninganám tveggja einstaklinga Rauða kross Íslands.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afgreiða erindið, en Ísafjarðarbær hefur nú þegar greitt fyrir námskeið tveggja einstaklinga vegna sjúkraflutninga á Þingeyri, þar af er annar þeirra félagi í Dýrafjarðardeild Rauða kross Íslands.

5. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum - 2018-2020 leyfisveitingar, rekstrarleyfi - Fisherman - 2018010057

Lögð fram umsagnarbeiðni Guðrúnar Elínborgar Þorvaldsdóttur, f.h. Sýslumannsins á Vestfjörðum, dags. 7. nóvember 2019, ásamt umsókn Elíasar Guðmundssonar, f.h. Fisherman, vegna rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki IV að Aðalgötu 14-16, Suðureyri.

Jafnframt lögð fram umsögn Heiðu Jack, skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 7. júlí 2020, vegna málsins.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfis til Elíasar Guðmundssonar, vegna rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki IV að Aðalgötu 14-16, Suðureyri.

Bæjarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. júlí 2020.

6. Niðurlagning starfa - 2020070058

Lögð fram fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-listans, Nannýjar Örne Guðmundsdóttur, dags. 17. júlí 2020, þar sem óskað er skriflegra svara nokkurra spurninga varðandi niðurlagningu starfa hjá sveitarfélaginu.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:40

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir